

Umsókn um aflamark

Skv. reglugerð nr. 643/2016 um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda samkvæmt 10.gr. laga nr.116/2016, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Sótt er um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri til næstu 5 fiskveiðiára, 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030.

Sameiginleg umsókn Walvis ehf., og Tjaldtanga ehf. Markmið umsóknarinnar er að auðga mannlífið, fjölga störfum og færa líf í hafnartengda starfsemi á Flateyri.

Walvis ehf. hefur rekið fiskvinnslu og fiskmarkað á Flateyri í áratug eða frá árinu 2015 þar sem tveir til fjórtán starfsmenn hafa verið í vinnu. Fyrirtækið hefur spilað lykilhlutverk í löndun og miðlun fisks á Flateyri. Mikilvægt er að styrkja og festa í sessi þessa sjávartengdu starfsemi.

Tjaldtangi ehf. hefur rekið útgerð frá Flateyri í rúmlega áratug eða frá árinu 2013. Sjómenn félagsins hafa verið allt frá tveimur og upp í tólf. Félagið er umsvifamesta útgerðarfélagið á Flateyri og hefur landað mestum afla í heimahöfn á Flateyri undanfarinn áratug. Mikilvægt er að færa aukið líf í höfnina á Flateyri með því að stuðla að frekari útgerð frá bænum.

Sterk tengsl eru á milli samstarfsaðila og samstarf þeirra hefur verið farsælt. Samningur við Byggðastofnun um aflamark mun efla rekstur félagana, fjölga störfum og efla útgerð og útgerðarstarfsemi á Flateyri.

Samstarfsaðilar leggja fram samtals 800 þorskígildistonn sem mótframlag í verkefnið. Þar af um 640 þorskígildistonn af eigin aflaheimildum og 160 tonn af árlegum leigðum aflaheimildum.

Tengiliður og listi yfir samstarfsaðila og forsvarsmenn:
Tengiliður vegna umsóknar: Gunnar Torfason, kt. 060873-3729, Sjávarútvegsfræðingur, gunnar@tjaldtangi.is Tjaldtangi ehf. , kt. 420913-1250, Hafnarbakka 6, 425 Flateyri, GSM 843-3200, Walvis ehf. , kt. 700415-0740, Hafnarbakka 3, 425 Flateyri, walvisehf@gmail.com Tengiliðir Walvis ehf; Þorgils Þorgilsson og Petrína N. S. Þorgilsson.

Mótframlag:

Samstarfsaðilar hafa yfir að ráða um 640 þorskígildistonna aflaheimildum á núverandi fiskveiðiári. Á síðasta fiskveiðiári þá höfðu samstarfsaðilar yfir að ráða 594 þorskígildistonnum.

Í ljósi sterkrar aflamarksstöðu þá er svigrúm til að útvega fisk inn til fiskvinnslu Walvis ehf. Af þeim 640 þorskígildum sem eru til ráðstöfunar fiskveiðiárið 2024/2025 eru 470 þorskígildi í rækju og 170 þorskígildi í bolfiski.

Síðastliðin ár hafa útgerðirnar einnig leigt til sín umtalsvert af aflaheimildum og það verður einnig gert áfram. Þær aflaheimildir sem leigðar verða, munu styðja við verkefnið.

Samstarfsaðilar áætla að landa árlega a.m.k 800 þorskígildistonnum af bolfiski inn til fiskvinnslu Walvis ehf. Helmingur aflaheimilda koma frá aflamarki Byggðstofnunar og helmingur af eigin aflamarki skipa.

Samstarfsaðilar munu landa árlega a.m.k 400 þorskígildistonnum af rækju inn til rækjuvinnslu Kampa ehf. á Ísafirði. Aflaheimildir koma af eigin aflamarki skipana.

1. Verkefnislýsing:

Fiskvinnsla Walvis ehf.

Walvis ehf. hefur rekið fiskvinnslu og fiskmarkað á Flateyri með góðum árangri í áratug eða frá árinu 2015. Hjá vinnslunni eru allar vottanir, gæðamál, framleiðslutæki og vinnsluferlar til fyrirmyndar. Megin markmið þessa verkefnis er að styrkja áframhaldandi góðan rekstur fiskvinnslunnar og skapa störf á Flateyri.



Samstarf umsækjenda felst í samvinnu í átt að sameiginlegum markmiðum sem er að styrkja útgerð á Flateyri, fiskvinnslu á Flateyri og rækjuvinnslu á Ísafirði. Í þessu samstarfi er áætlað að vinna um 1.200 þorskígildistonn af bolfiski á ári í fiskvinnslu á Flateyri. Þar af veiða samstarfsaðilar um 800 þorskígildistonn og 400 tonn koma frá öðrum bátum og/eða fiskmarkaði. Aflaheimildir sem samstarfsaðilar nýta til að landa til fiskvinnslu koma jafnt frá aflamarki Byggðastofnunar og eigin aflamarki skipa.

Hjá Walvis ehf. starfa í dag tveir starfsmenn en með samningi um aflamark Byggðastofnunar mun þeim fjölga um tólf. Heildar starfsmannafjöldi fiskvinnslu verður því fjórtán.

Með samningi um aflamark Byggðastofnunar þá mun efnahagsreikningur Walvis ehf. fara úr 13 milljónum upp í 100 milljónir króna sem kemur til vegna kaupa á stærra húsnæði og aukinnar veltufjármögnunar. Félagið er skuldlaust við fjármálastofnanir. Auknar fjárfestingar, upp á 60 milljónir, verða að stærstum hluta fjármagnaðar af fjármálastofnun með veði í nýju húsnæði og núverandi eignum félagsins.

Fiskmarkaður Vestfjarða ehf. hefur verið í samstarfi við Walvis ehf. um rekstur og þjónustu starfstöðvar á Flateyri. Rekstur fiskmarkaðar styður við störf hjá Walvis ehf. Þeir starfsmenn sjá um landanir og frágang á fiski, bæði af skipum samstarfsaðila og annarra skipa sem landa á Flateyri. Með samstarfinu sem sótt er um er verið að styrkja grunn af starfsemi fiskmarkaðar með auknum löndunum á Flateyri.

Rækjuvinnslan Kampi ehf. rekur fullkomna rækjuvinnslu á Ísafirði sem byggir á langri reynslu við vinnslu og sölu á rækjuafurðum og er leiðandi fyrirtæki á sínu sviði. Skip Tjaldtanga ehf. hafa, undanfarin ár, verið mikilvægir hráefnisbirgjar rækjuverksmiðjunnar Kampa ehf. á Ísafirði. Með samstarfssamningi Byggðastofnunar á Flateyri, eins og lýst er í þessari umsókn, er stuðlað að því að rækjuhlutdeildir haldis í sveitafélaginu og Kampi ehf. hafi aðgang að innlendu hráefni.

Skúrin Samfélagsmiðstöð rekur fyrirtækja og frumkvöðlasetur á Flateyri. Samtarfsaðilar munu leigja aðstöðu hjá þeim og vera með starfsmann í fullu starfi til að færa bókhald félaganna og sjá um uppgjör og útflutningsskjöl. Einnig mun framkvæmdastjóri Tjaldtanga ehf. vera með aðstöðu í Skúrinum.

Gunnukaffi rekur verslun og mötuneyti á Flateyri. Starfsemi þeirra er mjög mikilvæg samfélaginu. Leytast verður að því að versla við þau kost skipa og matvæli fyrir starfsfólk fiskvinnslu.

J. Benediktsson ehf. rekur umboðsverslun með saltfisk og hefur séð um sölu á afurðum Walvis ehf. Mikil eftirpurn er eftir vörum Walvis ehf.

Tjaldtangi ehf. gerir út tvö dragnótarskip frá Flateyri, annarsvegar Halldór Sigurðsson ÍS 14 og Leynir ÍS 16.

Halldór Sigurðsson ÍS 14 er handhafi 31% hlutdeildar í rækju í Ísafjarðardjúpi. Undanfarna áratugi hefur skipið stundað rækjuveiðar í Ísafjarðardjúpi og hrefnuveiðar í Ísafjarðardjúpi og í Breiðafirði. Skipið hefur leyfi til að veiða 217 hrefnur á yfirstandandi fiskveiðiári. Undanfarin tvö ár hafa rækjuveiðar ekki verið heimilaðar í Ísafjarðardjúpi. Þegar svo er fær skipið úthlutað aflamarki í bolfiski í stað rækju.

Leynir ÍS 16 er handhafi 12% hlutdeildar í úthafs rækju og 15% hlutdeildar rækju við Snæfellsnes. Skipið hefur stundað rækjuveiðar við Snæfellsnes og dragnótarveiðar á Vestfjarðarmiðum. Á skipinu starfa nú tveir sjómenn en fjölgað verður í áhöfn skipsins upp í 6 sjómenn.

Samstarfssamningur Byggðastofnunar mun fjölga sjómannsstörfum og styðja við rekstur farsællar útgerðar á Flateyri. Samstarfssamningur við Byggðastofnun mun stuðla að því að halda aflaheimildunum í byggðarlaginu.

2. Atvinnusköpun/viðhald starfa:

Hjá Walvis ehf. starfa í dag tveir starfsmenn en með samningi um aflamark Byggðastofnunar mun þeim fjölga um tólf. Heildar starfsmannafjöldi fiskvinnslu verður því samtals fjórtán. Þeir starfsmenn munu vera af báðum kynjum og koma frá Flateyri og nærsveitum.

Á skipum samstarfsaðila starfa nú þegar tveir starfsmenn en með samningi um aflamark Byggðastofnunar mun þeim fjölga um fjóra. Grundvöllur þessarra sex starfa munu styrkjast með samstarfssamningi.

Hjá Kampa ehf. starfa í dag fjórtí og tveir starfsmenn en með samningi Tjaldtanga ehf. um aflamark Byggðastofnunar mun grundvöllur þeirra starfa styrkjast. Starfsmenn Kampa ehf. eru af báðum kynjum og koma frá Ísafirði og nærsveitum.

Samstarfsaðilar í þessu verkefni hafa til þessa verið í samstarfi við aðra aðila á Flateyri og nærsveitum sem mun einnig eflast ef af samstarfi við Byggðastofnun verður. Það sem samstarfsaðilar sjá fyrir sér er að þetta samstarf muni eflast enn frekar.

Fiskmarkaður Vestfjarða ehf. hefur verið í samstarfi við Walvis ehf. um rekstur og þjónustu starfstöðvar á Flateyri. Rekstur fiskmarkaðar styður við störf sem munu skapast hjá Walvis ehf.

Með samstarfssamningi verða sköpuð og viðhaldið samtals sextíu og tveimur störfum í sveitarfélaginu. Á Flateyri verður fjórum störfum viðhaldið og sextán ný störf munu skapast. Tólf ný störf hjá fiskvinnslu Walvis ehf. og fjögur ný sjómannsstörf skapast.

2.1 Samantekt starfa

Ný störf á Flateyri

2.1 Ný störf við útgerð:	4
2.2 Ný störf við vinnslu:	12
Samtals ný störf:	16

Störfum viðhaldið

2.4 Störfum viðhaldið, útgerð:	2	Leynir ÍS 16
2.5 Störfum viðhaldið, vinnsla:	2	Walvis ehf.
2.6 Störfum viðhaldið, annað:	42	Kampi ehf.
Samtals störfum viðhaldið:	46	

2.7 Samtals störf: 62

2.8 Fjöldi starfa á Flateyri:	20	Walvis ehf., Halldór Sigurðsson ÍS 14 og Leynir ÍS 16
2.9 Fjöldi starfa vinnusóknarsvæði:	42	Kampi ehf.

3. Gerið grein fyrir því hvernig úthlutun til verkefnisins getur stuðlað að uppbyggingu og stöðugleika í sjávarútvegi á staðnum á verkefnistímanum og hvernig verkefnið getur dregið úr óvissu um framtíðina. Hvernig sér umsækjandi fyrir sér stöðuna eftir að verkefnistíma lýkur. Hverjar eru líkur á sjálfbærni verkefnisins.

Eins og að framan greinir eru margir sem tengjast samstarfinu, beint og óbeint. Hagsmunir þeirra allra eru fyrst og fremst að styrkja stöðir starfa á svæðinu. Í ljósi atvinnusögu Flateyrar finnst okkur það ekki síður mikilvægt að halda í það sem nú þegar er vel gert og styrkja það frekar sem gefur möguleika á vexti.

Þau fyrirtæki sem eru í samstarfi í þessu verkefni hafa hingað til rekið farsæl og sjálfbær fyrirtæki og sjáum við fyrir okkur að svo verði áfram. Við sjáum fyrir okkur að nota næstu fiskveiðiár til að styrkja stöðir fyrirtækjanna á Flateyri með áframhaldandi vöxt í huga. Í þessu samhengi má benda á í þessu samstarfi erum við að sækja um 400 tonna aflamark Byggðastofnunnar og erum með aflamark upp á 640 tonn.

Samstarfsaðilar eru í vaxtarferli og hafa verið að bæta við sig aflahlutdeildum síðustu ár og útlit er fyrir áframhald á því. Aflamark Byggðarstofnunar á Flateyri mun klárlega styðja við framtíðarvöxt samstarfaðila og þar af leiðandi atvinnulíf á Flateyri.

4. Gerið grein fyrir því hvernig úthlutun til verkefnisins getur haft jákvæð áhrif á viðkomandi samfélag, svo sem með búsetu starfsfólks, staðsetningu stjórnunar- eða sérfræðistarfa á svæðinu og kaupum á vörum og þjónustu.

Það er tvennt sem samstarfaðilum finnst skipta mestu máli í þessu verkefni. Annars vegar eru það þau sextán ný störf sem skapast á Flateyri með aukinni vinnslu hjá Walvis ehf. Hins vegar og ekki síður mikilvægt er að styðja við þau störf sem þegar eru til staðar á svæðinu. Aukið líf mun færast yfir höfnina á Flateyri með samstarfssamningi við Byggðastofnun. Öllur bolfiskur mun vera landað á Flateyri og fiskurinn verður unninn þar.

Aukning á störfum á Flateyri mun á sjálfsögðu hafa jákvæð áhrif á þau þjónustufyrirtæki sem þegar eru á staðnum. Hvað varðar búsetu fólks þá er Flateyri hluti af Ísafjarðarbæ og stutt á milli staða. Ljóst er að nýir starfsmenn samstarfaðila munu koma frá Flateyri og nágrennasveitarfélögum og munu styðja við það góða samfélag sem nú þegar er á Flateyri.

Með samstarfssamningi munu skapast ný sérfræðistörf sem eru kærkomin viðbót við þau sérfræðistörf sem eru nú þegar hjá fyrirtækjunum á Flateyri og Ísafirði.

Hvað varðar kaup á vörum og þjónustu þá halda samstarfaðilar áfram að hafa samskipti við þá aðila sem eru á svæðinu og við höfum verið í samstarfi við hingað til. Fyrirtækin hafa hingað til verið rekin með góðum árangri og í góðu samstarfi við þjónustuaðila á svæðinu. Með auknum umsvifum má búast við að það samstarf aukist. Eins og fram hefur komið þá er markmið samstarfaðila fyrst og fremst að efla og styrkja þá starfsemi sem þeir eru nú þegar í.

5. Tilgreinið mælikvarða til að meta árangur verkefnisins.

Sérstök áhersla verður lögð á að auka varanlegar aflaheimildir á Flateyri.

Aðrir mælikvarðar til að meta árangur verkefnisins er t.d.

- Þróun fjölda starfa hjá fiskvinnslu Walvis ehf. á Flateyri.
- Þróun íbúafjölda á Flateyri.
- Þróun fjárhagslegrar afkomu útgerðaraðila á Flateyri.
- Þróun á magni landaðra sjávarafurða á Flateyri.

6. Gerið grein fyrir reynslu umsækjenda af rekstri og starfsemi í sjávarútvegi.

Gunnar Torfason tengiliður verkefnisins er með BS í Sjávarútvegsfræði frá Háskólanum á Akureyri. Hann hefur mikla reynslu af rekstri sjávarútvegsfyrirtækja. Hann starfaði hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Wise lausnir um síðustu aldamót og síðan hjá útgerðarfélaginu Granda hf. í Reykjavík. Árin 2008 til árisins 2013 rak hann útgerðarfélagið Völustein ehf. í Bolungarvík. Það félag gerði út línubátinn Hrólf Einarsson ÍS 255. Frá árinu 2013 hefur hann rekið útgerðarfélagið Tjaldtanga ehf. á Flateyri sem gerir út aflamarksskipin Halldór Sigurðsson ÍS 14 og Leynir ÍS 16. Einnig er hann í stjórn rækjuverksmiðjunnar Kampa ehf. á Ísafirði. Gunnar er með búsetu á Hjallaveg 6, 400 Ísafirði.

Þorgils Þorgilsson, tengiliður Walvis ehf. er búsettur á Flateyri með fjölskyldu sinni. Saman rekur hann og kona hans **Petrína N. S. Þorgilsson** saltfiskvinnslu og fiskmarkað á Flateyri sem hefur verið starfandi frá árinu 2015. Þorgils og Petrína eru með margþætta, áratuga reynslu af sjávarútvegi bæði hér heima og erlendis ásamt því að hafa tengst störfum í sjávarútvegi á Íslandi. Þorgils og Petrína eru með búsetu á Grundarstíg 2, 425 Flateyri.

7. Tilgreinið skiptingu aflamarks

Aflamark skiptist á eftirfarandi aflamarksskip.

- Leynir ÍS 16 400 tonn
Þótt aflamark Byggðastofnunar verði úthlutað á Leyni þá er stefnt að því að deila því, að hluta til, áfram til áhugasamra aðila sem vilja landa afla á Flateyri og inn til vinnslu hjá Walvis ehf. Aðilar sem nú þegar hafa sýnt áhuga á samstarfi eru útgerðir Gjafars ÍS 72, Drafnar ÍS 12 og Dúdda ÍS 64.

8. Annað

Samstarf umsækjenda felst í samvinnu í átt að sameiginlegum markmiðum sem er að styrkja útgerð á Flateyri, fiskvinnslu á Flateyri og rækjuvinnslu á Ísafirði. Náist þessi markmið þá mun störfum fjölga á Flateyri og störf á Ísafirði munu styrkjast.

Samstarfsaðilar hafa fjárfest, á Flateyri, í aflaheimildum fyrir um 670 milljónir króna. Einnig hafa samstarfsaðilar fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum, á Flateyri, fyrir um 110 milljónir króna. Heildarfjárfesting samstarfsaðila er því um 780 milljónir króna. Með samstarfssamningi þá er lagður grunnur að því að halda bæði varanlegum aflaheimildum og rekstrarfjármunum á svæðinu og skapa grundvöll fyrir frekari uppbyggingu. Komi til samstarfs um aflamark Byggðastofnunar þá kemur til viðbótar 60 milljóna fjárfesting hjá fiskvinnslu Walvis ehf.

Samstarfsaðilar hafa yfir að ráða um 640 þorskígildistonna aflaheimildum.

Skip Tjaldtanga ehf. hafa, undanfarin ár, verið mikilvægir hráefnisbirgjar rækjuverksmiðjunnar Kampa ehf. á Ísafirði. Með samstarfssamningi Byggðastofnunar á Flateyri, eins og lýst er í þessari umsókn, er tryggt að rækjuhlutdeildir fari ekki úr sveitafélaginu og Kampi ehf. hafi aðgang að innlendu hráefni.

Umsækjendur heimila Byggðastofnun að afla þeirra gagna sem nauðsynleg eru til að staðreyna þær upplýsingar sem fram koma í umsókninni.

Flateyri 14. mars 2025

Gunnar Torfason fh. Tjaldtanga ehf.

Þorgils Þorgilsson fh. Walvis ehf.
